

Mánudaginn 22. mars 1982.

Nr. 53/1982. **Ákærvaldið**

gegn

**Salóme Báru Arbjörnsdóttur.**

Kærumál. Úrskurður um handtöku staðfestur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thorodd-  
sen og Magnús Þ. Torfason.

Hinn kærða úrskurð kvað upp Þórður Þórðarson, fulltrúi sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 1. þ. m., er barst Hæstarétti 3. s. m., en síðustu gögn málsins bárust Hæstarétti 9. s. m.

Af hálfu varnaraðilja er þess krafist, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og að kærumálskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

### **I.**

Hinn kærði úrskurður um handtöku á varnaraðilja var kveðinn upp í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum 18. júní 1979, og segir í úrskurðinum, að hún hafi haldið til Bandaríkjanna 20. maí s. á.

Dómari sá, er kvað upp hinn kærða úrskurð, óskaði atbeina dómsmálaráðuneytisins og utanríkisráðuneytisins til framkvæmdar á handtökuskipuninni. Leiddi það til þess, að beiðst var liðsinnis alþjóðalögreglunnar til þess að hafa uppi á varnaraðilja. Síðar var sett fram krafa um framsal á varnaraðilja til Íslands vegna rannsóknar sakargifta á hendur henni og rannsóknar mála, er þeim tengjast.

### **II.**

Meðal þeirra gagna, sem fylgja máli þessu til Hæstaréttar, er skýrsla frá Murrarý R. Stein, aðstoðarforstjóra í alþjóða-

deild afbrotamála í bandaríska dómsmálaráðuneytinu, sem beint er til sendiráðs Íslands í Washington. Er þar greint frá því, að varnaraðili hafi verið handtekinn í Kaliforníu 3. nóvember 1981 vegna kröfu íslenska ríkisins um framsal. Hafi henni þá verið afhent eintak af skjölum varðandi framsalskröfuna, þ. á m. handtökuskipun frá Íslandi.

Eigi liggur fyrir endurrit af því, hvað bókað hefur verið eftir varnaraðilja í tilefni af handtöku hennar í Kaliforníu í nóvember 1981, og hvaða gögn varnaraðilja hafi verið afhent þar. Skýrsla sú frá dómsmálaráðuneytinu í Washington, sem til var vitnað hér að framan, er reist á upplýsingum frá alríkissaksóknaranum í suðurhluta Kaliforníu. Hér er um opinber skjöl að ræða, og ber samkvæmt þeim að miða við, að varnaraðili hafi fengið vitneskju um hinn kærða handtökuúrskurð hinn 3. nóvember 1981. Samkvæmt því er löngu liðinn sá frestur, er varnaraðili hafði til að kæra úrskurðinn, sbr. 2. málsgr. 174. gr. laga nr. 74/1974, og verður ekki hjá því komist að vísa kærinni sjálfkrafa frá Hæstarétti. Eins og mál þetta er í pottinn búið, þykir ástæða til að taka fram, að eigi er sýnilegt, að hinn kærði úrskurður sé haldinn neinum þeim göllum, er varði ómerkingu hans.

Kærumálskostnaður verður eigi dæmdur.

D ó m s o r ð :

Kæru þessari er vísað frá Hæstarétti.

### Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 18. júní 1979.

Laugardaginn 5. maí sl. hófst í Keflavík víðtæk rannsókn á meintu fíkniefnamisferli margra aðilja þar í bæ. Margir aðiljar voru handteknir og yfirheyrðir þann dag. Rannsókn þessi varð fljótlega mjög umfangsmikil, og komu fjölmargir aðiljar þar við sögu.

Tveir aðiljar, Karvel Gräns, fæddur 5. mars 1954, til heimilis að Norðurstíg 5, Njarðvíkum, er sætti gæsluvarðhaldi vegna máls þessa frá 7. maí til 8. júní sl., og Arnþór Margeirsson, fæddur 6. desember 1956, Háholti 19, Keflavík, er sætt hefur gæsluvarðhaldi vegna máls þessa frá 30. maí sl., hafa bæði hjá lögreglu og hér fyrir dómi borið um stórfelldan innflutning og dreifingu

Salome Báru Arnbjörnsdóttur hérlendis á hassefni og hassolíu frá sumri 1978 fram á öndvert ár 1979.

Nefnd Salome Báru Arnbjörnsdóttir, sem fædd er 23. ágúst 1955, er skráð til heimilis að Sólvallagötu 28, Keflavík, en hélt þann 20. maí sl. til Bandaríkjanna, nánar til Florida og mun þaðan hafa ætlað til Jamaica.

Þegar er sýnt, að rannsóknarinnar vegna er brýnt að ná til nefndrar Salome Báru Arnbjörnsdóttur, svo rannsóknin tefjist ekki eða torveldist frekar en orðið er.

Niðurstöður.

Misferli það, sem verið er að rannsaka, varðar við lög um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og reglugerð 390/1974 og getur því sök, ef sönnuð, varðað fangelsi.

Þar sem nefnd Salome Báru Arnbjörnsdóttir er í máli þessu borin sökum um stórfelld brot gegn framngreindum lagaákvæðum, þykir dómara brýnt í þágu rannsóknar máls þessa og með vísan til 1. mgr. 59. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 að úrskurða tafarlausa handtöku Salome Báru Arnbjörnsdóttur, fæddrar 23. ágúst 1955, talinnar dveljandi í Orlando í Florida eða á leið til Jamaica, og færa hana tafarlaust til yfirheyrslu hér fyrir dómi.

#### Úrskurðarorð:

Handtaka skal og færa til yfirheyrslu hér fyrir dómi Salome Báru Arnbjörnsdóttur.